

Þekking og færni – Virðing og vellíðan

Innra mat Dalvíkurskóla 2021- 2022



Friðrik Arnarson skólastjóri

Dalvíkurskóli 2021 - 2022



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	4
Starfsfólk Dalvíkurskóla	4
Helstu áherslur í skólanámskrá	4
Helstu verkefni skólaárið 2021 – 2022	5
Þróunar-/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2021 - 2022:	6
Samantekt og ábendingar	6
Markmið og tilgangur mats á skólastarfi	8
Aðferðir og framkvæmd matsins	8
Niðurstöður innra mats og umbætur	9
Foreldrakönnun	9
Samantekt og ábendingar	14
Umbótaáætlun	14
Starfsmannakönnun	15
Samantekt og ábendingar	15
Umbótaáætlun	16
Skólapúlsinn	17
Virgni nemenda í skólanum	18
Líðan og heilsa	18



Skóla- og bekkjarandi	19
Samantekt og ábendingar	20
Umbótaáætlun	20
Samráðsdagar foreldra	21
Samantekt og ábendingar	22
Umbótaáætlun	22
Kennsluáætlanir	23
Samantekt og ábendingar	23
Umbótaáætlun	23
Kennsluhættir	23
Samantekt og ábendingar	24
Umbótaáætlun	24
Sér- og stuðningskennsla	24
Samantekt og ábendingar	25
Skólaþing.....	25
Umbótaáætlun	25
Matsdagur starfsfólks	26
Umbótaáætlun	26
Teymiskennsla – þróunarverkefni	27
Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í 1.-10. bekk Dalvíkurskóla.	27
Samantekt og ábendingar	27
Umbótaáætlun	30



Raddir nemenda	30
Samantekt og ábendingar	30
Starfsþróun kennara	30
Samantekt og ábendingar	31
Teymisfundir	31
Samantekt og ábendingar	31
Umbótaáætlun	31
Öryggisþættir	32
Lokaorð	32

Inngangur

Samkvæmt upplýsingaskyldu um skólahald segir í Aðalnámskrá grunnskóla: Hver grunnskóli skal með skipulegum hætti leggja mat á gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum greiningargögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skal starfsfólk, foreldrar, nemendur og skólaráð taka þátt í því eftir því sem við á. Innra mat skólans á að birta á vef skólans þar sem hægt er að finna upplýsingar um matið. Innra mat skólans skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til umbóta.



Nemendur

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með nemendur í 1. – 10. bekk. Nemendur og annað starfsfólk vinna eftir grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Dalvíkurbyggðar. Skólinn vinnur einnig í anda skólasýnar Dalvíkurskóla þar sem einkunnarorð skólans eru: **Þekking og færni - virðing og vellíðan**. Einnig vinnur skólinn að gildum Fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar sem eru: **Virðing, jákvæðni og metnaður**.

Starfsfólk Dalvíkurskóla

Starfsmenn Dalvíkurskóla eru 49 talsins í mismiklu starfshlutfalli. Skólastjóri er Friðrik Arnarson og deildarstjórar eru Hólmfríður Katla Ketilsdóttir deildastjóri eldra stigs en hún tók við sem deildarstjóri í desember 2022 og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir deildastjóri yngra stigs sem jafnframt er staðgengill skólastjóra. Mynda þau þrjú stjórnunarteymi skólans. Einn verkefnastjóri er í sér- og stuðningskennslu við skólann og er það Gunnhildur Birnisdóttir. Kennarar við skólann eru 25 og starfsfólk í blönduðum störfum eru 20 í mismiklu starfshlutfalli.

Helstu áherslur í skólanámskrá

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Einnig vinnur Dalvíkurskóli að innleiðingu á Menntastefnu Dalvíkurbyggðar 2021-2026 sem samþykkt var í sveitastjórn í júní 2021. Menntastefnan ber heitið *Í hverju barni býr fjarsjóður* og tekur mið af grunnþáttum menntunar og framtíðarsýn í menntun barna og unglinga. Grunnþættir menntunar eru **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Allir hagsmunaaðilar komu að gerð stefnunnar sem var unnin undir stjórn Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

Dalvíkurskóli leitast við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í því skyni að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Haustið 2014 var ákveðið að taka upp teymisvinnu í Dalvíkurskóla og markmiðið var að auka samvinnu og samábyrgð kennara og starfsfólks. Teymisvinna felst m.a. í að kennarar velja í samvinnu þær leiðir í kennslu sem bestar þykja til að bæta námsárangur nemenda. Þróun teymiskennslu felst í því að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun eflað.

Dalvíkurskóli er Grænfánaskóli og þar með þátttakandi í alþjóðlegu verkefni en markmiðið er að auka umhverfismenntun nemenda í Dalvíkurskóla. Grænfánanum verður flaggað nú í vor 2022 í fimmta sinn en vegna Covid-19 var honum ekki flaggað á síðasta ári.

Dalvíkurskóli hefur unnið eftir Uppbyggingarstefnunni frá árinu 2011 en sú stefna er viðhöfð í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Stefnan hefur það að markmiði að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Í stað þess að stjórna nemendum með refsingu og sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu



fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Allir árgangar gera sjálfir bekkjarsáttmála um hegðun sem nemendur samþykkja að fara eftir. Starfsfólk Dalvíkurskóla gerði sér einnig starfsmannasáttmála sem hafður er að leiðarljósi í öllu starfi skólans.

Dalvíkurskóli leitast við að vera með fjölbreytt námsmat sem á að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem haft er að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Dalvíkurskóli metur lykilhæfni með markvissum hætti. Upplýsingar um námslega stöðu nemenda eru sendar heim eftir hverja námsönn sem eru tvær yfir skólaárið.

Helstu verkefni skólaárið 2021 – 2022

- Fagráð var starfandi í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Ráðið fundaði hálf mánaðarlega og skráði fundargerðir. Fagráð ákvað í samráði við starfsfólk forgangsverkefni sem teymi skólans vinna að því að koma í framkvæmd. Fagráð hefur einnig það hlutverk að vinna að innra mati skólans. Fundir fagráðs urðu ekki eins margir og til stóð vegna Covid-19. Helsta verkefni fagráðs var að fjalla um hvernig hægt er að auka teymiskennslu í skólanum og breyta kennsluháttum sem miða við kenna meira í gegn um stærri verkefni sem ná yfir allar námsgreinar og endurspegla betur markmið aðalnámskrár um hæfni. Haustið 2021 voru skipaðir teymisstjórar úr öllum teyllum skólans sem mynduðu fagráð. Bekkjarteymi hafa umsjón og utanumhald um tvo árganga, 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur. Auk þess starfa kennarar í stoðþjónustu, skólastjórnendur, verkgreinakennarar og íþróttakennarar saman í teyllum. Áfram var unnið með innleiðingu teymiskennslu undir stjórn Gunnars Gíslasonar frá MSHA og teymisstjórar úr hverju teymi funduðu reglulega með Gunnari sem undirbjó umræðuefni og verkefni fyrir teymisfundi sem teymisstjórar sáu um innleiðingu á. Teymisstjórar skólaárið 2021-2022 voru: Kolbrún Einarsdóttir, Gréta G. Arngrímsdóttir, Jónína Stefánsdóttir, Guðrún Anna Óskarsdóttir, Elmar S. Eiríksson, Elsa Hlín Einarsdóttir, Skapti Þ. Runólfson og fyrir hönd stjórnenda Katrín Fjóra Guðmundsdóttir. Teymisstjórnarnir hittust 3-4 sinnum í mánuði allt skólaárið.
- Skólaþróunardeild Háskólans á Akureyri er með samning við fræðslusvið um stuðning við skólann í formi ráðgjafar og stuðnings við innleiðingu m.a. teymiskennslu. Þeirri vinnu verður haldið áfram næstu ár. Skólinn hélt áfram þátttöku í Erasmus verkefni þar sem áherslan er á að nýta sýndarveruleika í kennslu. Verkefninu lýkur haustið 2022.
- Unnið að innleiðingu á upplýsingakerfinu Mentor.
- Áfram var unnið að endurskoðun á námsmati og námsmatsáætlun skólans. Sú vinna varð önnur en áætlað var vegna Covid-19 og ekki náðist að vinna eins mikið í innleiðingu hæfnikorta nemenda í Mentor eins og stefnt var að. Þó nokkrir kennarar eru byrjaðir að fylla út hæfnikort.
- Dalvíkurskóli vinnur samkvæmt *Þjóðarsáttmála um læsi* og að hausti hafa farið fram skipulagðir lestrar sprettir í öllum bekkjum skólans. Auk þess er heimalestri fylgt vel eftir af kennurum í öllum bekkjum. Hægt er að greina bættan árangur í lestri út frá lesfimerlum MMS.



- Áfram var unnið að því að þróa upplýsingatækni í skólastarfi og auka notkun á því námi. Dalvíkurskóli tekur m.a. þátt í samstarfi um eflingu upplýsingatækni á skólastarfi með fimm öðrum skólum í Eyjafirði. Vegna Covid-19 féllu menntabúðirnar niður þetta skólaár. Hins vegar tóku 5 kennarar þátt í Utís upplýsingatæknimenntabúðum á Sauðarkróki í byrjun nóvember.
- Áfram var unnið markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum í Dalvíkurskóla og skólinn flaggaði Grænfánanum í fimmta sinn vorið 2022.
- Allir kennarar skila kennsluáætlunum fyrir skólaárið samkvæmt samræmdu eyðublaði. Einnig gera kennarar vikuáætlanir sem eru aðgengilegar á vinnusvæði þeirra.
- Unnið var eftir umbótaáætlun í kjölfarið á innra matsskýrslu Dalvíkurskóla.
- Samstarf var áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sér um tónmenntakennslu í skólanum.
- Unnið var að því að bæta verkferla skólans varðandi agamál og vinna að því að allir í skólasamfélaginu fylgi uppbyggingarstefnunni og hafi sömu sín á ófrávíkjanlegar reglur og skýr mörk.
- Áfram var unnið að innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum og persónuverndarstefnu Dalvíkurskóla.

Þróunar-/stýrihópar skipaðir starfsfólki sem voru starfandi skólaárið 2021 - 2022:

- Eineltisteymi
- Umhverfisnefnd (Grænfánanefnd)
- Upplýsingatækni
- Stýrihópur um læsi
- Stýrihópur um innra mat skólans og símenntun
- Fagráð/innra mat

Samantekt og ábendingar

Markmiðið með hópa- og nefndarfundum er að halda utan um viss verkefni sem skólinn er að vinna að og vill efla. Það er misjafnt hvað hópar og nefndir funda oft á skólaárinu og fer það eftir eðli verkefna sem hópar eru að vinna að. Fagráð og eineltisteymi funda hálfs mánaðarlega en aðrir hópar eftir fundarskipulagi skólans.

Fagráð/Teymisstjórar: Vinnur að bættum kennsluháttum í skólanum. Í vetur var ráðið samsett af teymisstjórum skólans sem vann að innleiðingu á teymiskennslu undir stjórn Gunnars Gíslasonar. Því gafst ráðinu lítill tími til að fara yfir niðurstöður kannana, s.s. Skólapúlsinn, Lesferil og fleiri og leggja til umbætur ef þeirra er þörf.



Grænfánanefnd: Unnið var áfram að verkefnum tengdum loftslagsbreytingum og neyslu. Námsefnið *Maður og náttúra* með áherslu á umhverfismálin og loftslagsbreytingar var m.a. tekið markvisst fyrir og 7. bekkur gróðursetti plöntur í skógarreit með starfsmanni Dalvíkurbyggðar líkt og fyrri ár. Þá var sérstakur Grænfánaveggur settur upp við hlið hátíðarsals skólans þar sem hægt er að hengja upp verkefni sem tengjast verkefninu. Fulltrúar frá Landvernd komu á vordögum og tóku starf skólans út og að því loknu flaggaði skólinn Grænfánanum í fimmta sinn. Í stað venjulegs fána prýðir nú skólann veglegur Grænfánaskjöldur.

Vonast er til að halda áfram samstarfi milli nokkurra bekkja á unglingastigi og Rauða kross búðarinnar á Dalvík þrátt fyrir að það hafi ekki gengið þennan veturinn.

Upplýsingatækniþópur: Unnið var að því að velja forgangsverkefni og fylgja þeim eftir og skipuleggja áherslur í upplýsinga og tæknimennt. Unnið var að því að nýjungar í upplýsingatækni komist í notkun í skólastarfinu og unnin var áætlun um tækjaþörf fyrir skólann sem nýtast í skólastarfinu m.a. festi skólinn kaup á 6 sýndarveruleikagleraugum og einni 360° myndavél til notkunar í skólastarfinu. Þá voru einnig keypt 3 sjónvörp, 20 crome fartölvur og nokkrir I-padar. Á skólaárinu tóku fulltrúar kennara þátt í E-rasmusverkefni sem stuðlar að aukinni notkun tækni í skólastarfinu.

Læsissteymi: Vinnur að því að framfylgja læsisstefnu skólans, m.a. með því að minna á lestrarspretti og koma með hugmyndir um lestrarátök og vinnu sem stuðlar að bættu læsi. Þá var tekið upp að vera með átakið Allir lesa þrisvar sinnum í vetur en þá lesa allir sem staddir eru í skólanum saman í 15 mínútur. Einnig unnu allir nemendur og starfsmenn með máltæki mánaðarins og tókst sú vinna vel.

Samskipta og eineltisteymi: Dalvíkurskóli starfar eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Núna í vetur höfum við verið að fara yfir vinnuferla eineltismála í Dalvíkurskóla. Eftir þá yfirferð var ákveðið að útbúa nýja vinnuferla. Einnig var tekin ákvörðun um að breyta nafni eineltisteymisins í samskipta- og eineltisteymi. Ástæðan fyrir því er að við viljum að starfsfólk og foreldrar geti leitað til teymisins varðandi samskiptavanda og fái ráðgjöf og/eða aðstoð við að leita lausna á málinu. Hlutverk teymisins er annars vegar fræðsla til nemenda, foreldra og starfsmanna og hins vegar að vinna í eineltismálum sem upp koma. Teymið kynnti eineltishringinn í öllum bekkjum í haust og var með fræðslu. Bekkjarfundir eru í öllum bekkjum sem hluti af lífsleikni og er þar m.a. unnið markvisst gegn einelti og vanlíðan nemenda. Þá hafa nokkrir kennarar farið á krakka- og/eða unglingaspjallsnámskeið og nýta það efni til kennslu í nokkrum bekkjum. Alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti er 8. nóvember ár hvert og skipuleggur teymið uppbrot þennan dag til að minna nemendur og starfsfólk á góð samskipti og að allir leggist á eitt til að sporna við einelti. Í ár unnu eldri og yngri nemendur að verkefnum þvert á bekki, spiluðu, teiknuðu og áttu saman gæða samverustund. Í desember ár hvert leggur teymið fyrir eineltiskönnun Olweusar í 4.-10. bekk. Á síðasta ári hafði einelti minnkað frá fyrra ári en í ár er aukning um 5% hjá þeim sem segjast verða fyrir einelti. Um 21.1 % nemenda segjast einhvern tímann á skólaárinu hafa orðið fyrir einelti. Þeim fækkar



frá fyrra ári sem segjast verða oft fyrir einelti en aukning er hinsvegar í hópnum sem segist verða mjög sjaldan fyrir einelti eða um 8.1 %. Því samhliða má sjá um 7.5% aukningu varðandi það að nemendur taki ekki afstöðu gegn einelti og hafði árið þar áður einnig verið aukning um 10%. Neteinelti hefur hinsvegar dregist saman um 5 % frá fyrra ári og mælist nú 8.7% . Allar niðurstöður síðustu ára frá því 2012 má finna á heimasíðu skólans.

Markmið og tilgangur mats á skólastarfi

Markmiðið með mati er að bæta og ígrunda skólastarf. Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar, stjórnendur og starfsmenn afla gagna um nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Í innra mati er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að ná betri árangri?

Yfirumsjón með innra mati á skólastarfi hefur verið í höndum fagraðs/innra matsteymi Dalvíkurskóla. Í ár fór vinna teymisins hinsvegar í það að innleiða teymiskennslu. Í stað þess voru reglulegar haldnir fundir með fulltrúum starfsmanna og stjórnenda undir handleiðslu Gunnars Gíslasonar frá MSHA þar sem farið var ítarlega yfir það sem gekk vel og það sem betur mætti fara í stjórn skólans og starfi.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Þær leiðir sem voru farnar til að afla gagna voru mismunandi. Lagðir voru spurningalistar fyrir foreldra í gegnum Skólapúlsinn. Olweusarkönnun sem er eineltiskönnun er lögð árlega fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Kennsluáætlanir eru rýndar og skoðaðar af stjórnendum og hafa þær verið í þróun síðustu ár. Í öllum bekkjum Dalvíkurskóla eru tekin stöðluð lestrarpróf frá Menntamálastofnun, Lesferill, og er það hluti af mati skólans. Skólinn er með tvo samráðsdaga heimilis og skóla á hverju skólaári og eftir þessa daga þurfa umsjónarkennarar að koma skriflegum upplýsingum til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir hafa komið fram í viðtölum. Á hverju skólaári hefur skólinn haft sérstakan matsdag þar sem að starfsfólki gefst tækifæri á segja hvað gengur vel í skólastarfi og hvað gengur illa, punktar skráðir niður og notaðir í úrbótaáætlun sem innra matsnefndin vinnur. Vegna Covid-19 var ekki hægt að koma matsdegi við þetta árið. Í stað þess hitti hópur starfsmanna stjórnendur reglulega eða 5 sinnum á skólaárinu til að fara yfir hvað gengur vel og hvað þarf að bæta svo skólastarfið gangi vel fyrir sig.



Dalvíkurskóli er aðili að Skólapúlsinum en hann mælir virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda. Innan hvers þáttar eru mældir fimm til átta undirþættir. Tvær mælingar eru gerðar á skólaárinu, í október og apríl. Samræmd próf í 4., 7., og 9. bekk voru felld niður þetta skólaár því var ekki um neina úrvinnslu vegna þeirra að ræða. Annað námsmat er framkvæmt af kennurum Dalvíkurskóla og eru upplýsingar um námslega stöðu sendar heim tvisvar yfir skólaárið. Skipulagðir teymisfundir eru vikulega þar sem að teymin taka fyrir vissa umræðupunkta sem koma frá stjórnendum og/ eða teymisstjórum og eru niðurstöður af fundinum skráðar í fundargerð sem er hluti af mati skólans. Kennurum er gert að skila inn til stjórnenda hvernig starfsþróun þeirra er háttað á hverju skólaári. Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7.-10. bekk, stelpu og strák úr hverjum árgangi, tveimur kennurum úr unglingadeild og deildarstjóra eldra stigs sem stýrði fundum. Fundað var fjórum sinnum á þessu skólaári. Nemendur sem sátu í nefndinni fengu tíma á bekkjarfundum/lífsleiknitímum til að ræða við aðra nemendur og fá umræðupunkta til að ræða inn í námsnefnd. Stjórnendur og starfsmenn skólans vinna að breytingum eftir ábendingum frá námsnefnd.

Niðurstöður innra mats og umbætur

Foreldrakönnun

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra þann 1. febrúar 2022 og var hún opin í fjórar vikur. Svarhlutfall var 85%.

Foreldrar/forráðamenn svara spurningum er snúa að hverjum nemanda fyrir sig og mælir könnunin 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Hér að neðan má sjá flokkana:



1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,9	108	-	5,4	2.880	-0,5*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	73,2%	71/97	-	91,5%	2429/2668	-18,3%*
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	86,0%	92/107	-	86,4%	2417/2788	-0,4%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	58,4%	59/101	-	77,6%	2044/2626	-19,2%*

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,6	95	-	4,9	2.618	-0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	90,9%	90/99	-	89,1%	2450/2712	1,8%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	96,3%	104/108	-	92,0%	2663/2878	4,3%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	93,6%	102/109	-	92,3%	2654/2863	1,3%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	94,5%	103/109	-	91,5%	2609/2849	3,0%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	9,6%	10/104	-	9,6%	268/2829	0,0%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,4%	9/19	-	57,9%	236/427	-10,5%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,6%	10/21	-	51,7%	216/428	-4,1%



3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,7	103	-	5,7	2.759	0,0
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,6	58	-	5,2	1.650	0,4*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	61,0%	64/105	-	58,1%	1744/2822	2,9%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	40	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	81,7%	85/104	-	75,8%	2032/2590	5,9%
3.6. Notkun á mötuneyti	98,1%	105/107	-	92,5%	2675/2859	5,6%*
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	-	-	-	-	-	-



4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,8	99	-	4,7	2.715	0,1
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	54,0%	47/87	-	59,7%	1440/2315	-5,7%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	67,1%	47/70	-	69,3%	1389/1954	-2,2%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	74	-	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	68	-	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	98,0%	99/101	-	95,4%	2619/2735	2,6%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	103	-	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	62,2%	56/90	-	56,7%	1377/2438	5,5%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	95,1%	78/82	-	85,4%	1854/2178	9,7%*
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	80,6%	79/98	-	81,1%	2170/2669	-0,5%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	75,0%	81/108	-	72,9%	2116/2821	2,1%



5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,3	100	-	5,0	2.741	0,3
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	98	-	4,0	2.717	0,3*
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	81,4%	79/97	-	76,1%	1844/2402	5,3%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	65,6%	63/96	-	57,2%	1504/2615	8,4%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	65,7%	46/70	-	70,8%	1481/2090	-5,1%
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	20,0%	14/70	-	17,4%	356/2090	2,6%

6. Opin Svör

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Lýstu því hvað þér þykir <u>gott</u> við skólann þinn.	-	34	-	-	-	-
6.2. Lýstu því hvað þér þykir að <u>megi betur fara</u> í skólanum.	-	30	-	-	-	-
6.3. Ábendingar varðandi heimasíðu skólans	-	16	-	-	-	-

**Samantekt og ábendingar**

Í athugasemdum sem foreldrar gerðu töldu þeir að styrkleikar skólans fælust í mannauðnum, starfsfólkinu og í metnaði kennara fyrir námi nemendanna. Smæð skólans er nokkrum sinnum tekin fram sem kostur og að kennarar hafi góða yfirsýn og séu hæfir í starfi. Einnig að kennarar og starfsfólk eigi í góðum samskiptum við nemendur og foreldra. Sem veikleika var nefnt að taka þyrfti betur á agamálum og einelti, efla þurfi foreldrasamstarf og stjórnun skólans hafi verið ábótavant og eins upplýsingaflæði. Eins var komið inn á að viðhaldi skólans hafi ekki verið sinnt og að húsvörð vanti við skólann.

Þegar kemur að heimasíðu skólans þá er nefnt að það megi efla fréttir af nemendum í skólastarfinu og uppfæra síðuna oft. Þó er einnig komið inn á að upplýsingaflæði sé til fyrirmyndar. Þarna kemur fram að myndir af starfsfólki og þeirra ferill megi vera sýnilegur á heimasíðu skólans og eins mætti vera meiri tenging á milli upplýsinga sem fram koma á Mentor og á heimasíðunni.

Umbótaáætlun

Matsþáttur undir viðmiðum	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Barnið mitt hefur orðið fyrir einelti á þessu skólaári	Að sporna við einelti	Skýra betur út hvað er átt við þegar um einelti er að ræða.	Á bekkjarfundum Skólaárið 2022 - 2023	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun. 2023	Helst viljum við losna við einelti úr skólanum
Þegar barnið mitt var lagt í einelti lét ég eftirfarandi starfsfólk vita	Að eineltismál fari í réttan farveg	Fara yfir þá verkferla ef starfsmaður fær upplýsingar um eineltismál	Haut 2022	Skólastjórnendur	Foreldrakönnun. 2023	Að eineltismál fari í réttan farveg
Ég hef kynnt mér kennsluáætlanir barnsins míns	Að bæta aðgengi foreldra að kennsluáætlunum	Upplýsa foreldra betur með aðgengi þeirra að kennsluáætlunum	Skólaár 2021 - 2023	Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun	Að minnst 70% foreldra hafi kynnt sér kennsluáætlanir barnsins síns



Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð í fyrsta sinn í gegnum skólapúlsinn í byrjun apríl 2022. Svarhlutfall var 84.8 %. Fram kemur í könnuninni að starfsmenn Dalvíkurskóla telja sig fá marktækt mun meiri stuðning frá samstarfsfólki (5.8 stig) en í öðrum skólum (5.1 stig) og stuðningur við nýsköpun sé meiri. Hins vegar er skuldbinding til vinnustaðarins eilítið minni en gerist og gengur og starfsandi (4.5 stig) er marktækt minni en viðmiðunarskóla (5.2 stig). Einelti og mismunur er einnig marktækt minni en annars staðar. Vinnuálag er svipað og í viðmiðunarskólum sem og jákvæðar áskoranir í starfi. Kennarar skólans hafa almennt minni trú á eigin getu en kennarar viðmiðunarskóla og upplýsingamiðlun þeirra til foreldra er minni en almennt gerist. Kennarar undirbúa kennslu í ríkara mæli í skólanum en viðmiðunarkennarar. Kennarar Dalvíkurskóla fá tölfraðilega marktækt mun meiri aðstoð en gerist og gengur vegna nemenda með námserfiðleikum (6.6 stig) miðað við aðra (5 stig) og hegðunarerfiðleika (5.5 stig) en í viðmiðunarskólum (4.9 stig). Hins vegar skortir nokkuð á faglegan stuðning stjórnenda við kennara (3.5 stig) miðað við viðmiðunarskóla (4.8 stig) og þeir mættu vera sýnilegri í kennslustundum. Kennarar hafa meiri samráð við aðra kennara (6.4) en í viðmiðunarskólum (5.5) og eru mun virkari í starfsþróun (64.7%) en kennarar í viðmiðunarskólum (43.6%). Þeir sem svöruðu opnum spurningum um vinnustaðinn ber saman um að mikill mannauður, metnaðarfullt og gott samstarfsfólk sé helsti kostur skólans. Það sem má bæta er hins vegar aðbúnaður í stofum og á vinnusvæðum. Betri eftirfylgni mála af hálfu stjórnenda og meiri endurgjöf frá þeim.

Samantekt og ábendingar

Starfsmannakönnun var lögð fyrir á þessu skólaári en hefð er fyrir því að hún sé lögð fyrir á tímabilinu mars til apríl. Stefnt er að því að starfsmannakönnun verði áfram tekin í gegnum Skólapúlsinn. Hér að neðan er umbótaáætlun fyrra skólaárs og er hún uppfærð og gildir áfram.



Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Aga- og hegðunarmál	Minna álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Fylgja betur eftir að nemendur fari eftir þeim bekkjarsáttmála sem gerður er í hverjum bekk samkvæmt Uppbyggingarstefnunni	Skólaár 2022- 2023	Kennarar	Starfsmannakönnun um vorið 2023.	Minnkun á álagi vegna aga- og hegðunarmála
Aga- og hegðunarmál	Minna álag vegna aga og hegðunar hjá nemendum	Stjórnendur meira sýnilegri og styðjandi við kennara í kennslu og úrvinnslu agamála	Skólaár 2022 - 2023	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun um vorið 2023.	Minnkun á álagi vegna aga- og hegðunarmála. Vinnufriður í kennslu betri
Rifja upp og kynna stefnuþlög skólans	Auka vitund starfsfólks um stefnur sem skólanum er ætlað að vinna eftir.	Setja stefnur inn í teymi til kynningar og umræðna.	Skólaár 2022 – 2023	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun um vorið 2023.	Að 95% starfsmanna þekki þær stefnur sem er verið að vinna eftir
Metnaður nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið á mið- og unglingastigi	Skólaár 2022 - 2023	Kennarar	Starfsmannakönnun um vorið 2023	Finna fyrir auknum metnaði í námi



Námsmat/leiðsagnarmat	Taka upp hæfnikort við námsmat	Innleiða námsmat í gegnum Mentor.	Haust 2022	Stjórnendur og kennarar	Námsmat um áramót	Að umsagnir verði samræmdar á öllum stigum
Álag í starfi og starfsánægja	Minnta álag og auka starfsánægju	Innleiðing teymiskennslu og sameiginlegrar ábyrgðar á nemendum og foreldrastarfi. Tryggja stuðning stjórnenda í erfiðum agamálum. Auka samveru starfsmanna utan vinnutíma.	Skólaár 2022 - 2023	Stjórnendur	Vorið 2023	Aukin starfsánægja og minna álag í starfi

Skólapúlsinn

Mælingar Skólapúlsins eru gerðar tvisvar yfir skólaárið, í október og apríl. Eftir niðursveiflu mælinga skólaársins 2015-16 í flestum matsþáttum könnunarinnar þá hafa mælitölur farið uppá við. Skólaárið 2018-19 sveifluðust mælitölur aðeins upp og niður eftir mæliþáttum en ekki miklar sveiflur eru á mælingu skólaársins í ár. Niðurstöður eru með svipuðum hætti þó örlítið neikvæðari en skólaárið áður. Skólinn hafði hækkað í öllum þáttum sem tengjast virkni síðasta skólaár 2019-2020 en lækkar aftur lítið í ár í öllum þáttum utan náttúrufræði sem hefur hækkað. Þegar horft er til skólabrags og bekkjaranda er skólinn yfir landsmeðaltali í flestum matsþáttunum og hefur farið hækkandi í ár. Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður og eru þær flokkaðar í þrennt, virkni, líðan og heilsu og skóla- og bekkjaranda, ásamt því að bera saman niðurstöður síðustu tveggja ára þar á undan. Breyting frá fyrri mælingu og munur á gildi skólans miðað við landsmeðaltal eru tilgreind með lituðum stöfum, **rauðum ef samanburðurinn er neikvæður** en **grænum ef hann er jákvæður**. 0,5 stig telst ekki mikill munur, 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Virkni nemenda í skólanum**

Síðasta skólaár 2019-2020 höfðu allir matsþættir á virkni nemenda í skólanum sýnt jákvæða breytingu milli ára. Nú í ár hins vegar er örlítil lækkun á öllum þáttunum fyrir utan ánægju af náttúrufræði.

Ánægja af lestri hefur dregist saman þau 0,5 stig sem hún jókst um síðasta skólaár. Í gagnasafninu má greina lítinn mun á milli árganga og kynja, þó er ánægjan meiri hjá 6. og 7. bekk en öðrum árgöngum. Töluverður munur er á milli drengja og stúlkna, drengjum í óhag. Líkt og fyrri ár hafa allir nemendur skólans verið með heimalestrarmiða til að halda utan um heimalestur. Mánaðarlega fá foreldrar upplýsingar um hvernig heimalestri er sinnt og er hann einnig hluti af vitnisburði.

Þrautseigja í námi hefur dregist saman á milli ára um 0,5 stig og er 0,3 stigum undir landsmeðaltali. Þrautseigja hefur dregist saman í öllum árgöngum fyrir utan 7. bekk og einungis eru 0,1 stig á milli kynja drengjum í óhag.

Áhugi á stærðfræði og ánægja af náttúrufræði hafði aukist á milli ára á síðasta skólaári, en í ár er það áhugi á stærðfræði sem hefur hrapað hvað mest eða um 0,7 stig og er 0,8 stigum undir landsmeðaltali sem telst töluverður munur. Ánægja af náttúrufræði hefur hins vegar enn aukist um 0,2 stig og er 0,1 stigum yfir landsmeðaltali.

Þættirnir trú á eigin vinnubrögðum í námi og trú á eigin námsgetu mælast lítið lægri í ár frá síðasta ári. Trú á eigin námsgetu var hástökkvari síðasta skólaárs og hafði aukist um 0,7 stig en hefur gengið til baka um 0,5 stig í ár. Drengir í Dalvíkurskóla hafa mælst með minni trú á eigin vinnubrögðum og námsgetu síðustu ár en nú hefur staðan breyst þar sem drengir mælast hærri en stúlkur.

Líðan og heilsa

Sjálfsálit nemenda stendur nánast í stað á milli ára. Sem fyrr hafa stúlkur minna sjálfsálit en drengir í Dalvíkurskóla og eykst munurinn mikið á milli kynjanna í ár því nú munar 1,4 stigum frá 0,5 stigum á síðasta skólaári. Matsþátturinn stjórn á eigin lífi mælir hvort nemendur treysti sér og geti leyst vandamál sem upp koma í lífinu. Hefur sá matsþáttur hækkað um 0,2 stig og dregið úr muninum á milli kynjanna og er nú munurinn

1. Virkni nemenda í skólanum**2. Líðan og heilsa**

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,0	103	-0,2	4,2	17.536	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	103	0,3	4,3	17.494	0,2
2.3. Vellíðan	4,2	103	-0,1	4,4	17.714	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	27	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	103	-0,2	5,6	17.685	0,1
2.6. Tíðni eineltis	16,5%	17/103	-11,8%	13,6%	2468/17631	2,9%
2.7. Staðir eineltis	-	17	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	59,0%	59/100	-7,7%	43,7%	7567/17263	15,3%*
2.9. Hollt mataræði	4,5	103	-0,5	4,6	17.412	-0,1



0,7 stigum stúlkum í óhag. Þessi matsþáttur er 0,2 stigum yfir landsmeðaltali í ár. Á síðasta skólaári höfðu mælingar hvað varðar vellíðan nemenda aukist um 0,1 stig en hefur gengið til baka um 0,1 stig í ár. 1,0 stig er á milli kynjanna stúlkum í óhag sem telst töluverður munur.

Samkvæmt mælingu ársins eru jákvæðari niðurstöður frá fyrri árum á einelti í Dalvíkurskóla og eru nú 0,2 stigum betri frá síðustu mælingu. Tíðni eineltis hefur dregist mikið saman á milli ára eða um tæp 12% og er nú svipað og landsmeðaltalið. Helstu staðir eineltis sem nemendur tilgreina eru á netinu og í frímínútum. Tíðni neteineltis mælist 23% meira í Dalvíkurskóla en á landinu öllu.

Tíðni hreyfingar er langt yfir landsmeðaltali og mælist 15,3% betur þó hún hafi dregist saman um 7,7% á milli ára. Holtt matarræði hefur minnkað um 0,5 stig milli ára og er nú 0,1 stigi undir landsmeðaltali. Mælingar sýna að stúlkur borði hollari mat en drengir og nemendur í elstu árgöngunum borða óhollari mat en yngri nemendur. Mikill munur er á milli árganga í Dalvíkurskóla þegar kemur að matarræði nemenda og borða nemendur í 6. bekk almennt hollari mat en aðrir. Almennt sýna niðurstöður svipaða stöðu og fyrri ár um líðan, tíðni hreyfingar og holtt matarræði. Mikilvægt er að huga vel að þessum þáttum, fylgjast vel með breytingum hjá hverjum árgangi, enda er góð líðan ein af forsendum þess að skapa góðar námsaðstæður og að nám eigi sér stað.

Skóla- og bekkjarandi

Breyting er á mælingum milli ára á samsömun við nemendahópinn um 0,4 stig og er 0,1 stigi undir landsmeðaltali. Á síðasta skólaári var nánast enginn munur á milli kynjanna en nú mælast stelpur 0,8 stigum frá drengjum sem er töluverður munur. Lítill árgangamunur er á samsömun við nemendahópinn þó áberandi minnst samsömun hjá 10. bekk. Samband nemenda við kennara í Dalvíkurskóla hefur gjarnan mælist vel yfir landsmeðaltali í mælingum skólapúlsins og er nú 0,1 stigi yfir landsmeðaltalið þrátt fyrir að hafa dregist saman um 0,2 stig milli ára. Enginn kynjamunur er á mælingum á sambandi nemenda við kennara skólans. Mælingar á aga í tímum hefur tekið jákvæðum breytingum um 0,4 stig og eru nú 0,1 stigi undir landsmeðaltali. Dregist hefur saman hvað varðar svör á milli kynjanna þar sem svör drengja er 0,3 stigum undir svörum stúlkna.

Í gegnum árin hefur virk þátttaka nemenda í Dalvíkurskóla sem og tíðni leiðsagnarmats kennara verið marktækt meiri en á landinu og hafa verið eitt af einkennum skólans. Þrátt fyrir að mælingin um virkni sýni 0,1 stigi lægra frá því í fyrra þá er skólinn enn að mælast 0,4 stigum fyrir ofan

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,7	103	-0,4	4,8	17.392	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,0	103	-0,2	4,9	17.611	0,1
3.3. Agi í tímum	4,8	103	0,4	4,9	17.580	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,4	103	-0,1	5,0	17.537	0,4*
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	103	-0,2	5,0	17.548	0,2



landsmeðaltal og 0,2 stigum fyrir ofan í tíðni leiðsagnarmats. Um 82% nemenda segja kennara sína ræða við sig hvernig gangi í náminu, það sem gengur vel og illa og hvað þurfi til að ganga betur.

Samantekt og ábendingar

Fram kom í skýrslu innra mats á þarsíðasta skólaári mikilvægi þess að leggja ríka áherslu á bættu líðan nemenda Dalvíkurskóla og trú þeirra á eigin getu enda er góð líðan ein af forsendum fyrir því að nám eigi sér stað. Þrátt fyrir markvissa vinnu á síðasta skólaári með aukinni fræðslu fyrir starfsmenn og foreldra þá hefur það ekki skilað sér í mælingum skólapúlsins í ár. Margir þættir hafa áhrif á líðan hvort heldur er innan eða utan skóla. Sérstakar aðstæður hafa átt sér stað í skólum landsins með komu heimsfaraldurs svo ekki er útilokað að síbreytilegar aðstæður, mikil óvissa og óöryggi í samfélaginu geti haft áhrif á líðan nemenda og þar með á niðurstöður mælinga. Mikilvægt er að vinna áfram markvisst að þessum þáttum innan skólans. Á undanförum árum hefur virkni nemenda í tímum aukist og má þar meðal annars þakka fjölbreyttum kennsluháttum kennara og notkun á Google Classroom sem heldur vel utan um nám nemenda og gerir kennurum auðveldara með að fylgjast með vinnu, virkni og verkefnaskilum og virðast nemendur almennt ánægðir með kerfið.

Mikilvægt er að skólasamfélagið vinni áfram að verkefnum sem stuðla að því að bæta og styrkja nemendur sem einstaklinga og sem námsmenn og auka þar með sjálfsálit þeirra og trú á eigin getu. Samkvæmt mælingum síðustu tveggja ára virðist neteinelti vera færast töluvert í aukana sem hefur neikvæðar afleiðingar á andlega líðan nemenda og er nauðsynlegt að grípa þar til aðgerða sem og gegn einelti almennt.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Sjálfsstraust/sjálfsmynd nemenda	Auka sjálfsstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda	Að kennarar noti markvisst aðferðir sem bæta þessa þætti, s.s. krakka-/unglingaspjall, bekkjarfundi o.fl.	Skólaár 2022 - 2023	Allir kennarar	Skólapúlsinum skólaárið 2022 - 2023	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum
Líðan nemenda	Bæta líðan nemenda. Auka þrautseigju nemenda og að þeir læri að	Ýta undir jákvæðan bekkjaranda og nota aðferðir hugarfrelsis í öllum árgöngum. Nýta stuðning/kennsluráðgjöf	Skólaár 2022 - 2023	Allir kennarar og stuðningsfulltrúar	Skólapúlsinum skólaárið 2022 - 2023	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum



	skipuleggja vinnu sína.	MSHA varðandi bekkjarstjórnun og v/agamála				
Einelti	Koma í veg fyrir einelti og tíðni þess. Læri betur að setja sig í spor annarra.	Nota bekkjarfundi og lífsleiknitíma til verkefnavinnu og umræðna um afleiðingar eineltis	Skólaár 2022 - 2023	Eineltisteymi, allt starfsfólk og stjórnendur	Skólapúlsinum, Olweusarkönnun og foreldrakönnun skólaárið 202 - 2023	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum, Olweusarkönnuninni og foreldrakönnun
Neteinelti	Draga úr einelti sem á sér stað á samfélagsmiðlum, á skjá- og netheimum	Fá utanaðkomandi fræðslu fyrir for. og nem. Vinna með foreldrum gegn neteinelti	Skólaár 2022-2023	Kennarar, stjórnendur í samvinnu við foreldra	Skólapúlsinum og Olweusarkönnun skólaárið 2022-2023	Betri niðurstöður úr Skólapúlsinum, Olweusar- og foreldrakönnun

Samráðsdagar foreldra

Eftir samráðsdaga foreldra skiluðu kennarar samræmdu eyðublaði til stjórnenda ef einhverjar athugasemdir komu varðandi nám og kennslu. Allir skiluðu inn eyðublöðum. Vegna Covid-19 fóru flest samtölin fram rafrænt eða í síma í október en fleiri komu í samtal í skólanum í febrúar. Mæting foreldra í viðtölin var góð en fáein viðtöl voru tekin á öðrum dögum þegar það hentaði foreldrum betur.

Tölfræði frá samráðsdegi á haustdögum

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 2021	50%/95	9% /18	40,5% /77
Samtals 2020	24% /48	15%/30	61%/124
Samtals 2019	41%/83	9%/20	50%/103

**Tölfræði frá samráðsdegi í janúar/febrúar**

Hver kom	Báðir foreldrar	Faðir einn	Móðir ein
Samtals 2022	40%/68	11% /19	49% / 82
Samtals 2021	40.5%/85	15%/31	44.5%/93
Samtals 2020	47%/94	8%/16	45%/89

Samantekt og ábendingar

Allir sammála um að samráðsviðtöl hefðu gengið vel þetta skólaár og allir sammála um að þessi viðtöl eigi að snúast um næstu skref í námi hvers einstaklings og horfa til framtíðar. Nú hefur það færst í vöxt að nemendur eru að setja sér markmið með foreldrum sínum sem er mjög jákvætt og er ein leið til að auka metnað nemenda í námi. Það mætti skoða það að formgera betur þessa markmiðssetningu hjá hverjum og einum einstaklingi. Foreldrakönnun fór eingöngu fram rafrænt þetta árið og var slóð send heim til foreldra og þeir minntir nokkrum sinnum á að svara könnuninni. Svörunin var mun minni en venjulega.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær ?	Viðmið um árangur
Markmiðssetning nemenda	Að auka metnað nemenda í námi	Að nemendur setji sér markmið til að ná í námi	Skólaár 2021 – 2022	Kennarar	Skoðun vor 2023	Að þessi vinnubrögð verði viðhöfð í skólanum



Kennsluáætlanir

Kennarar skila inn kennsluáætlunum sem eru settar á heimasíðu skólans. Eyðublað sem er notað er samræmt af kennurum og skólastjórnendum. Þær þurfa að innhalda hæfniviðmið, kennsluhætti, verkefni/námsefni og mat á námsþætti/afurð. Stjórnendur fara yfir áætlanir og gera athugasemdir ef þurfa þykir. Með tilkomu Mentorkerfisins er hægt að tengja námsmarkmið aðalnámskrár, hæfni, við kennsluáætlanir og námsmat. Stefnt er að því að á næstu árum verði kennsluáætlanir unnar til skemmri tíma í einu þar sem horft er á námsmarkmið og hæfni sem birtist í hæfnikorti nemenda og er um leið leiðsagnarmat um nám nemenda. Áfram gildir markmiðssetning námsgreina sem birtist á heimasíðu skólans og inniheldur námsmarkmið, hæfni, sem stefnt er að á hverju námsári.

Samantekt og ábendingar

Heilt yfir hefur þetta gengið mjög vel og skil á kennsluáætlunum var góð, enn á þó eftir að vinna námsmarkmið fyrir flestar valgreinar.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluáætlanir	Unnar í Mentor	Teymi bera ábyrgð á að áætlanir séu unnar.	Haut 2022	Skólastjórnendur	Metið vorið 2023	Allar áætlanir verði unnar í Mentor og google classroom
Kennsluáætlanir	Að bæta sýnileika áætlana	Senda upplýsingar til foreldra um það hvar hægt er að nálgast áætlanir.	Haut. 2022 og jan. 2023	Deildarstjórar	Foreldrakönnun á vorönn 2023	Að minnst 70% foreldra hafi kynnt sér áætlanir.

Kennsluhættir

Í tengslum við Covid-19 og innleiðingu teymiskennslu hefur verið mikil umræða um kennsluhætti og hvernig skólinn getur breytt kennsluháttum. Mikill áhugi er á eldra stigi skólans að auka samþættingu námsgreina og kenna námsefni í gegnum stærri verkefni, líkt og gert er á yngri stigi.

**Samantekt og ábendingar**

Vegna Covid-19 var sýnileiki stjórnenda minni í kringum nemendur í kennslu á þessu skólaári en reynt var að veita kennurum stuðning í erfiðum agamálum en hægt er að gera betur í þeim málum. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari komu meira að aga- og hegðunarmálum í skólanum.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Kennsluhættir	Upplýsa nemendur með markmið kennslustundar	Gera markmið sýnileg í kennslustofum fyrir nemendur	Skólaár 2022 – 2023	Allir kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Að nemendur verði meðvitaðri um markmið sín.
Kennsluhættir	Að námið verði fjölbreytt og áhugavert samstarf nemenda og kennara.	Að nemendur verði virkari í námi og hafi meira val um verkefni sem í boði eru.	Skólaár 2022 – 2023	Allir kennarar	Skoðun stjórnenda á skólaárinu	Skoðun

Sér- og stuðningskennsla

Skólaveturinn 2021 til 2022 þurftu fleiri nemendur en árið áður einhverja aðstoð eða sérkennslu í formi einstaklingskennslu, iðjuþjálfunar, þroskaþjálfunar, aðstoð við nýbúa og/eða þjálfunar í hegðunarmótun. Þjónustan var ýmist tímabundin eða yfir allt skólaárið. Sérþörfum nemenda er mætt með mismunandi hætti, en tekið er mið af þörfum og hæfileikum hvers einstaklings, unnið er með nemandann ýmist einan eða í hópi, inni í almennri kennslustofu, á opnum svæðum eða í námsveri. Almenna reglan er sú að sérkennsla fari sem mest fram í bekkjarumhverfinu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig er leitast við að fyrirbyggja örðugleika í námi og samskiptum seinna á skólagöngunni. Þar af leiðandi erum við að sinna mörgum nemendum sem ekki er greitt með frá Jöfnunarsjóði. Mikill tími og orka hefur farið síðasta skólaár í vinnu hegðunarmála og er það sífellt stækkandi partur skólastarfsins. Stór hluti af vinnu iðjuþjálfara og þroskaþjálfara skólans fer í vinnu við það að reyna að slökkva þá elda sem hegðunarvandamál eru, sem sífellt koma upp aftur og aftur. Í Dalvíkurskóla höfum við verið að



glíma við það að nemendur hafa ekki verið að skila sér í skólann og/eða mæting í skólann hafi verið ábótavant, svokölluð skólaforðun. Mismunandi ástæður liggja að baki og er skólinn að vinna í þessum málum í samráði við skólaskrifstofu og félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar.

Samantekt og ábendingar

Sér- og stuðningskennslan hefur gengið vel í skólanum hjá okkur og má því þakka öflugu starfi stoðteymis í skólanum þar sem fagfólk skólans fundar reglulega og fer yfir sér- og stuðningsmál skólans. Stoðteymi fundar þrisvar í mánuði og fer yfir stöðuna hvort það þurfi að auka eða draga úr stuðningi. En það er nokkuð ljóst eins og áður að aga- og hegðunarmál er stór álagsþáttur í skólanum.

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvernig/Hvenær	Viðmið um árangur
Hegðunarmál	Bæta aga og hegðun hjá nemendum	Fylgja málum eftir með góðu samstarfi við nemendur og foreldra.	Skólaár 2022-2023	Deildarstjórar og skólastjóri	Starfsmannakönnun á vorönn 2023 og samráðsfundir með kennurum	Bætt hegðun nemenda
Skólaforðun	Að allir nemendur mæti í skólann	Hafa skýrar mætingareglur og viðurlög við lélegri skólasókn	Skólaár 2022 – 2023	Skólastjóri	Starfsmannakönnun á vorönn 2023	Að allir nemendur verði með góða mætingu í skólanum

Skólalæping

Ekki var haldið innanhúsping vorið 2022. Háskólinn á Akureyri ætlaði að vera með uppgjör á teymiskennslu eftir veturinn og næstu skref og kynningu á menntastefnu. Þessu var frestað til haustsins.

Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Skólalæping	Kynna helstu verkefni vetrarins milli teyma og	Þjóða fræðsluráði, fræðslustjóra og	Des. og maí á skólaárinu 2022 - 2023	Skólastjórnendur	Skoðun eftir þing	Sjá sem flesta frá Fræðslusviði og fræðsluráði



	starfsmanna skólans.	kennsluráðgjafa að sitja skólaping				
--	----------------------	------------------------------------	--	--	--	--

Matsdagur starfsfólks

Matsdagur starfsfólks var á dagskrá í mars en vegna Covid-19 féll hann niður. Umbætur fyrra skólaárs hafa verið uppfærðar þar sem ekki náðist að vinna að öllum þeim úrbótum sem stefnt var að.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Frímínútnagæsla	Að passa það að alltaf verði full mannað á útivaktir	Skoða með vaktir eins og með kennslustundir þegar það vantar starfsfólk	Skólaár 2022 - 2023	Deildarstjórar	Á matsdegi vor 2023	Að allar vaktir verða mannaðar þegar forföll verða.
Sér- og stuðningsmál á unglingastigi	Að bæta sérúrræði á Unglingastigi	Kortleggja þörf með stoðteymi skólans	Haut 2022	Skólastjórnendur	Á matsdegi vor 2023	Að bæting verði á sérúrræðum í unglingadeild
Aðstaða fyrir sér – og stuðningskennslu	Að bæta aðstöðu fyrir sér – og stuðningskennslu	Kortleggja aðeins hvaða stofur eru lausar sem hægt væri að nota	Haut 2022	Skólastjórnendur Verkefnastj. sér- og stuðningsk.	Á matsdegi vor 2023	Að bæta aðstöðu fyrir sér- og stuðningskennslu
Aðbúnaður fyrir starfsfólk	Að bæta aðbúnað fyrir starfsfólk, lýsing á vinnusvæðum	Bæta við og endurnýja og borðbúnað fyrir starfsfólk	Haut 2022	Skólastjóri	Á matsdegi vor 2023	Bættur aðbúnaður starfsfólks á vinnusvæði



Teymiskennsla – þróunarverkefni

Áfram verður unnið í samstarfi við Skólaþróunardeild Háskólans á Akureyri um innleiðingu á teymiskennslu. Teymisstjórar munu sitja fundi með verkefnastjóra frá háskólanum og stýra fundum með sínu teymi. Markmið verkefnis er að efla traust og gera starfsfólk færari í að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem bíða þeirra á hverjum degi.


Einnig er að fara af stað verkefni varðandi ÍSAT (nemendur með annað tungumál) nemendur í samstarfi við skólaþróunardeild Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins er að mæta þörfum ÍSAT nemenda betur þar sem hópur nemenda með annað tungumál en íslensku fer ört stækkandi í skólanum okkar.

Stöðluð lestarpróf sem tekin eru í 1.-10. bekk Dalvíkurskóla.

Nemendur Dalvíkurskóla taka lestrarpróf frá Menntamálastofnun og notar skólinn tilgreind lesfímiviðmið fyrir 1.-10. bekk frá þeim. Niðurstaðan er að yngri bekkir skólans sýna betri árangur en þeir eldri. Unnið er að því að bæta árangur eldri nemenda með því að foreldrar kvitti fyrir lestur heima. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægt að ná góðri samvinnu við heimilin um að hlúa að lestrarfærni barna. Skólinn setur sér það markmið að með virkri aðstoð foreldra nái allir nemendur góðri lestrarfærni sem fyrst á skólagöngunni. Myndin hér að neðan sýnir hlutfall þeirra sem ná lestrarviðmiðum Menntamálastofnunnar í hverjum árgangi.


Samantekt og ábendingar

Myndin fyrir neðan stóru myndina sýnir hvernig Dalvíkurskóli kemur út miðað við landsmeðaltal. Samkvæmt þessum niðurstöðum erum við yfir landsmeðaltali í lestri í flestum árgöngum. Árgangar 2011 & 2007 eru örlítið undir landsmeðaltali.





Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum
Dalvíkurskóli, maí 2022





Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Hafa lestrartengd verkefni í öllum bóklegum fögum .	Skólaár 2022 – 2023	Kennarar	Með námsmati að vori	Að fleiri nái þeim viðmiðum sem MMS setur
Auka lesfimi og lesskilning í eldri bekkjum	Bæta lesfimi og lesskilning hjá eldri nemendum í Dalvíkurskóla	Skapa meira svigrúm fyrir kennara til að geta sinnt lestri nemenda í skólanum með betri nýtingu starfsfólks	Skólaár 2022 – 2023	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2023 – Könnun sett inn í hvert teymi	Að kennarar nái að sinna lestri betur og að nemendur sýni árangur

Raddir nemenda

Námsnefnd var skipuð átta nemendum úr 7.-10. bekk, kennara úr unglingadeild, deildarstjóra unglingastigs og skólastjóra sem stýrði fundum. Fundað var fjórum sinnum á þessu skólaári. Það sem tekið var fyrir var nám, kennsla og aðbúnaður nemenda og þá sérstaklega í frímínútum. Nemendur fengu tækifæri á bekkjarfundum eða lífsleiknitímum til að fá hugmyndir að málefnum frá öðrum nemendum er varða nám og kennslu og aðbúnað nemenda sem síðar var tekið fyrir á námsnefndarfundunum. Í skólanum starfar einnig umhverfisnefnd þar sem hver árgangur á sinn fulltrúa. Fundir urðu færri en áætlað var vegna Covid-19.

Samantekt og ábendingar

Nemendur voru heilt yfir ánægðir með skipulag á skólastarfi og kennslu.

Starfspróun kennara

Eins og áður er kennurum skylt að fylla út eyðublað varðandi starfspróun sína og skila inn til stjórnenda 1. júní ár hvert. Þeir kennarar sem eru með lengstan starfsaldur og eða komnir á vissan aldur þurfa að skila inn færri tímum en þeir sem eru með litla starfsreynslu og yngri. Þetta getur því verið misjafnt eftir kennurum. Þetta er endurmenntun sem almennt er fyrir utan skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla og er það gert í samráði við skólastjóra.

**Samantekt og ábendingar**

Skráningarblað sem kennurum er gert að skila skólastjóra miðast við endur- og símenntun fyrir utan vinnuramma og er eins fyrir bæði.

Samkvæmt upplýsingum 7. júní 2022 skiluðu 23 kennarar skólans inn greinargerð um endurmenntun fyrir skólaárið 2021-2022. Mjög misjafnt er eftir námsgreinum hversu auðvelt er að sækja sér endurmenntun. Einnig skal hafa það í huga að skólastjóri getur í samráði við starfsmann samið um endurmenntunartíma innan vinnuramma.

Teymisfundir

Teymisfundir eru alltaf kl. 14:00 – 15:00 á þriðjudögum og sitja þar kennarar og stuðningsfulltrúar í vissum teymum. Umræðuefnin/verkefnin sem tekin eru fyrir koma frá stjórnendum og eða teymisstjórum og fá teymin þau með fréttabréfum sem send eru út á föstudegi. Teymin skrifa fundargerðir og skila þeim inn á sameiginlegt svæði þar sem allar fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk. Teymin funda einnig á öðrum tímum þar sem þau eru að skipuleggja nám og kennslu.

Samantekt og ábendingar

Allir eru sammála því að teymisvinnan gangi vel fyrir sig og er mikil ánægja með þá þróun sem hefur átt sér stað innan skólans. Þó er það misjafnt hvernig samstarf gengur innan teyma og hvernig skilvirkni teyma skila sér inn í skólastarfið. Skólastjórnendur hafa sett inn vangaveltur reglulega inn í teymin, t.d. varðandi traust innan teyma, hvað mætti betur fara, hvað er að ganga vel o.s.frv. Á skólaárinu var fengin ráðgjöf frá MSHA varðandi innleiðingu teymiskennslu, einnig geta kennarar óskað eftir kennsluráðgjafa í heimsókn í kennslu og geta leitað til ráðgjafa um einstök mál í samstarfi við skólastjórnendur.

Umbótaáætlun

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær/Hvernig	Viðmið um árangur
Teymisvinna	Styrkja samstarfsmenningu	Að stjórnendur hitti teymi reglulega	Skólaár 2022 – 2023	Stjórnendur	Starfsmannakönnun skólaárið 2022-2023	Aukin starfsánægja



Tryggja að nægur tími sé til að sinna einstaklingsmálum og agamálum. Að kennarar fái stuðning í erfiðum málum og ráðgjöf.	Bæta nám, aga og hegðun nemenda	Hafa svigrúm í stundarskrá svo að allir í teymi nái saman. Nýta föstu teymisfundina til að leita lausna á ýmsum málum er varða nám, kennslu og hegðun nemenda sem falla undir viðkomandi teymi.	Skólaár 2022 – 2023	Skólastjórnendur	Starfsmannakönnun í vor 2023	Betri hegðun og samræmdar áherslur kennara
---	---------------------------------	---	---------------------	------------------	------------------------------	--

Öryggisþættir

Leiksvæði og leiktæki skal yfirfara og hafa eftirlit með samkvæmt reglugerð og halda athugasemdum til haga og huga að úrbótum, auk þess sem skráningar á slysum á nemendum er haldið til haga og skráð í þar til gerðan gagnagrunn. Einnig skal halda brunaæfingu með slökkviliðsstjóra og æfa viðbrögð við jarðskjálfta. Unnið var að endurbótum á leiksvæði og öryggissvæði í kringum þau. Endurbætur voru gerðar á skólalóð og leiktækjum í kjölfar úttektar 2019. Árleg brunaæfing var að hausti og viðbrögð við jarðskjálfta rifjuð upp þegar jörð tók að skjálfa á vordögum. Rýmingaráætlun er til fyrir öll kennslurými skólans en vinna þarf áætlun um hvernig skólahúsnæðið er yfirfarið eftir að nemendur eru komnir úr húsi. Áhyggjuefni er að engin húsvörður sé starfandi við skólann. Skipulagsbreytingar sem gerðar voru árið 2019/2020 hafa ekki gefist nægjanlega vel. Hluta út vetri 2021-2022 var starfandi starfsmaður innan skólans sem sá viðhald í skólabyggingunni og sást mikill munur á að hafa starfsmann hér innanhúss. Að viðhalda skólabyggingu er viðamikið hlutverk og þarf að fara að endurskoða skipulagsbreytingar sem gerðar voru.

Lokaorð

Skólastarfið var ekki með hefðbundnu sniði þetta skólaárið vegna Covid-19. Mikið álag var á starfsfólki skólans sem stóð sig frábærlega við að leysa úr öllum þeim málum sem upp komu. Ýmislegt jákvætt kom út úr þessum vetri og náðist ágætur árangur í þróun teymiskennslu undir leiðsögn frá MSHA. Þá var markvisst unnið að því að gera verkferla tengda agamálum skýrari og áfram verður unnið að innleiðingu þeirra næsta



skólaár. Þá verður áfram unnið næsta vetur að þróun teymiskennslu og bættum starfs- og kennsluháttum. Þá verður lögð meiri áhersla á innleiðingu nýrrar menntastefnu Dalvíkurbyggðar og hvernig kennslu ÍSAT nemenda (íslenska sem annað tungumál) verður best háttað. Breytingar munu verða á innra mati og skýrslugerð með tilkomu nýrrar menntastefnu sveitarfélagsins og innleiðingu hennar. Ákveðið hefur verið að meta færri þætti á hverju ári og vinna betur með þá.

Áfram verður unnið að agamálum innan skólans, auka og bæta þekkingu og skilning starfsfólks á líðan barna. Mikilvægt er að styrkja foreldrasamstarf tryggja að ætíð sé unnið að hagsmunum barna, námsumhverfi, námsöryggi og námsárangri.

Á heildina litið gekk skólastarfið vel þrátt fyrir allt og mikilvægt að nýta allt sem við lærðum í vetur til að gera góðan skóla enn betri.

Friðrik Arnarson,

skólastjóri Dalvíkurskóla